

Alþingi
Erindi nr. P 130/1669
komudagur 5.4. 2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Félagsmálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10

150REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 5.apríl 2004

Efni: Stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum, 736. mál.

Með frumvarpinu er lagt að fest verði í lög frestun á gildistöku ákvæða um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES, gagnvart átta af tíu væntanlegum aðildarríkjum ESB og EES.

Samtök atvinnulífsins hafa áður lýst því að þau hefðu viljað sjá borgara þessara nýju aðildarríkja EES hljóta sömu réttindi og íbúar núverandi aðildarríkja njóta innan svæðisins strax við gildistöku stækkunarinnar, en nú hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að nýta heimild til tveggja ára aðlögunar hvað varðar frjálsa för. Í ljósi þess að nær öll núverandi aðildarríki EES hyggjast nýta slíka heimild hafa Samtök atvinnulífsins hins vegar kosið að setja sig ekki upp á móti því að íslensk stjórnvöld geri slíkt hið sama. Samtök atvinnulífsins líta hins vegar svo á að um sé að ræða tímabundna aðgerð til tveggja ára, en greiður aðgangur þessa fólks að íslenskum vinnumarkaði getur skipt miklu um framvindu íslensks efnahagslífs. Jafnframt vænta samtökin þess að við útfærslu þeirra reglna sem hér muni gilda næstu tvö árin verði núverandi framkvæmd í það minnsta einfölduð að einhverju marki gagnvart borgurum þessara væntanlegu aðildarríkja EES.

Virðingarfyllt,

Guðstaf Adolf Skúlason,
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs